

SÖGUAÐFERÐ

KOMDU OG SKOÐAÐU HRINGRÁSIR

Söguaðferð (The Storyline Approach, Jordanhill College of Education) gefur nemendum tækifæri til að setja sig í spor annarra og glíma við fjölbreytileg viðfangsefni. Söguaðferð gefur enn fremur kost á að flétta saman hinar ýmsu námsgreinar í eina heild.

Söguaðferð eflir auk þess samvinnu nemenda og frjálsa sköpun. Aðferðin byggist á því að börnin búa til umhverfi (sögusvið) og sögupersónur (dúkkulísur). Síðan er hrundið af stað ákveðinni atburðarás sem nemendur þurfa að takast á við.

HVAR (SÖGUSVIÐ)?

Rigningardagur. Hvaðan kemur rigningin? Hvað verður um pollana þegar sólin skín? Hvað felst í hringrás vatns? Hverjum gagnast rigningin? Hvaða not höfum við af vatni? Hvað er vatn? Er lykt af því? Hvernig er það viðkomu? Hvernig bragðast það? Hvernig hljóð heyrir í rennandi vatni annars vegar og hins vegar í vatnsdropum sem falla?

Hvaða dýr lifa í vatni/sjó? Geta lífverur lifað án vatns?

Listi er búinn til yfir öll þau orð sem börnin þekkja yfir vatn, einnig yfir eiginleika vatns og e.t.v. líka yfir orð sem lýsa því hvernig nota má vatn til ýmissa hluta.

Börnin búa til stóran vatnspoll (sögusvið/bakgrunnur). Þau útbúa sameiginlegt myndverk úr fjölbreytilegum efniviði. Dæmi um útfærslu: Hvert barn getur unnið sinn hluta á hringlaga form. Síðan er formunum safnað saman þannig að úr verði ein heild.

Efni: Ýmiss konar pappír, sellófan, vatnslitir, þekjulitir, penslar, svampar o.s.frv.

HVERJIR (SÖGUPERSONUR)?

Vatnsdropar

Hvert barn býr til vatnsdropa og gefur honum nafn. Börnin segja frá sínum dropa. Hvaðan kom hann? Hvert fer hann? Hvað er hann gamall? (sjá *Komdu og skoðaðu umhverfið*)

Vatnsdropum barnanna er safnað saman í „poll“.

Leikræn tjáning – hringrás vatns.

Börnin eru vatnsdropar í pollum. Þau hreiðra um sig á gólfinu, þétt saman. Sólin skín, droparnir hitna og fara á hreyfingu. Smátt og smátt rísa börnin á fætur og teygja sig í átt að sólinni. Börnin þjappa sér saman standandi, haldast í hendur og verða að skýjum. Síðan kólnar í lofti, sólin dregur sig í hlé og það byrjar að rigna. Börnin láta sig falla niður í pollana á nýjan leik.

Hvað gerist þegar kólna tekur í veðri? Hvaða áhrif hefur það á regndropana?

Börnin túlka það einnig á leikrænan hátt. Þau svífa og falla til jarðar.

Það hlýnar í veðri á nýjan leik. Hvað gerist?

Umræður, skráning.

Hvað verður um vatnið sem fellur til jarðar þegar rignir? Hvaðan kemur það? Hvert fer það?
Hver notar það?

HVENÆR (ÁRSTÍMI)?

Vatn: Vetur, sumar, vor og haust.

Hvaða áhrif hefur veður og hitafar á vatn? Hvaða áhrif hafa þessir þættir á umhverfi okkar?

Umræður, skráning.

ATBURÐUR

Leikur, þrautakóngur – vatnsleikfimi.
Börnin ímynda sér að þau séu stödd í
sundlaug. Einn stjórnar vatnsleikfiminna.
Stjórnandinn sýnir ýmiss konar hreyfingar
sem börnin leika eftir.

Athugun.

Jafnmiklu magni af vatni er hellt á nokkrar
undirskálar. Undirskálarnar eru settar á mismunandi
staði í skólastofunni, t.d. á gluggasyllu, á ofn, á borð
o.s.frv. Hvað verður um vatnið? Úr hvaða undirskál
hverfur vatnið fyrst? Hvers vegna? Börnin setja fram
tilgátur og prófa. Við hvaða aðstæður er uppgufun hröðust?
Reyndust tilgáturnar réttar? Hvað verður um pollana þegar
sólin skín? Hvað gerist?

Athugun, trjágreinir.

Við hvaða skilyrði laufgast trjágreinir? Börnin setja trjágreinir í þrjár krukur.
Ein er sett í vatn, önnur í mól, sú þriðja í vatn og plastpoki yfir þannig að ekkert
loft kemst að henni. Börnin setja fram tilgátur og skrá. Þau fylgjast með trjágreinunum og
hvernig hin mismunandi skilyrði hafa áhrif á laufgun þeirra. Börnin skrá athuganir sínar
og niðurstöður í litla rannsóknarbók.

Athugun, trjágroður á skólalóð eða í nágrenni skólans.

Börnin fylgjast með trjágroðri á skólalóð, haust, vetur, vor og sumar. Hvað gerist á haustin? Hvað
verður um laufblöð trjánna? Hvað gerist yfir vetrartímann, á vorin og að sumri til?

Börnin skrá og teikna athugunarefni sín. E.t.v. gefst þeim einnig tækifæri til að taka ljósmyndir
af trjágroðrinum.

Athugun, fræ verður að plöntu.

Hvernig dreifast fræin? Geta þau fest rætur hvar sem er? Hvaða skilyrði þarf til þess að planta
lifi og dafni? Hvað verður um hana ef skilyrðin reynast erfið?



AÐ BÚA Á JÖRÐINNI

Hvaðan kemur vatnið í vatnskranann?

Athygli barnanna er vakin á að sjálfsagt er að fara vel með vatnið og láta það ekki renna að óþörfu.

Umræður um mikilvægi þess að þvo sér um hendur, hreinlæti.

Hvaða hættur geta fylgt vatni? Hvar leynast þessar hættur? Umræður, skráning.

Börnin semja slagorð um ýmis efni tengd vatni og myndskreyta.

RITUN, LJÓÐAGERÐ

Sögugerð t.d. um regndropa: Ferðalag litla regndropans.

Sögugerð: Ef ég væri regndropi ...

Ljóðagerð: Ljóð, t.d. um skynjun (Ég sé, ég heyri ...).

Ljóðagerð: Ég vildi að ég væri ... (vatnsdropi, snjókorn, rigning, snjókoma, él, ský, lækur, pollur o.s.frv.)

Hvert og eitt barn lýkur við þessa setningu og myndskreytir hana að lokum. Kennari raðar setningum barnanna saman í eina heild (sjá: *Börn og ritun*, bls. 34–35).